

**Fundargerð 4. fundar
bæjarráðs
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,
miðvikudaginn 15. ágúst 2018 15. ágúst 2018 , kl. 11:00.**

Fundinn sátu:

Ólafur Þór Ólafsson formaður, Hólmfríður Skarphéðinsdóttir varaformaður, Magnús Sigfús Magnússon aðalmaður, Daði Bergþórsson áheyrnarfulltrúi, Róbert Ragnarsson fundarritari og Magnús Stefánsson bærarstjóri.

Fundargerð ritaði: Róbert Ragnarsson, fundarritari.

Formaður bauð Magnús Stefánsson bærarstjóra vekominn til starfa.

1. Bjarg: Húsnæði: stofnframlag - 1806474

Jón Ben Einarsson sviðsstjóri kom á fundinn og gerði grein fyrir stöðu skipulagsmála og svaraði fyrirspurnum bæjarráðs.

Bæjarráð felur sviðsstjóra að stofna lóðina Fjöruklöpp 26-32.

Bæjarráð þakkar Jóni fyrir kynninguna.

2. Heiti sameinaðs sveitarfélags - 1807102

Minnisblað með tillögum um næstu skref lagt fram.

Bæjarráð ræddi aðferðir við val á nafni á sameinað sveitarfélag.

Bæjarráð felur bærarstjóra að vinna minnisblað með nánari útfærslu á því hvernig atkvæðagreiðsla um nafn geti farið fram í haust.

3. Stjórnskipulag sameinaðs sveitarfélags: Tillaga að uppbyggingu og starfslýsingar - 1807088

Drög að starfslýsingum sviðsstjóra lagðar fram og óskað eftir heimild til að auglýsa starf sviðsstjóra stjórnslúsviðs sem jafnframt verður verkefnastjóri sameiningar sveitarfélagsins.

Bæjarráð felur bærarstjóra að ganga frá starfslýsingum við sviðsstjóra og auglýsa laust til umsóknar starf sviðsstjóra stjórnslúsviðs sem jafnframt verði verkefnastjóri sameiningar sveitarfélagsins.

Starfslýsingarnar skulu endurskoðaðar í tengslum við starfsþróunarsamtal að ári liðnu.

4. Kjörnar nefndir: erindisbréf - 1808028

Tillaga að erindisbréfum ráða lögð fram.

Tillaga að erindisbréfum ráða lögð fram.

Bæjarráð vísar erindisbréfunum umsagnar ráða áður en þau hljóta staðfestingu bærarstjórnar.

Bæjarráð felur bærstjóra að ræða við Sveitarfélagið Voga um erindisbréf fjölskyldu- og velferðarráðs.

5. Persónuverndarfulltrúi: Tilnefning - 1806754

Drög að samningi við Reykjanesbæ um persónuverndarfulltrúa lögð fram.

Bærstjóra falið að ganga frá samningi við Reykjanesbæ til eins árs.

6. Þjónustusamningur: fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar - 1806408

Gildandi samningur við Sandgerðisbæ lagður fram, ásamt minnisblaði bærstjóra.

Bæjarráð felur bærstjóra að ganga til samninga við Reykjanesbæ um fræðsluþjónustu út júní 2019.

7. Skólamat: samningur um skólamötuneyti - 1808005

Samningar við Skólamat lagðir fram.

Bæjarráð hyggst samræma gjaldskrár vegna skólamats í Gerðaskóla og Sandgerðisskóla og verður hún til afgreiðslu á fundi bæjarráðs 29. ágúst.

Bæjarráð felur bærstjóra að vinna áfram í málinu.

8. Leikskólinn Sólborg: tillögur vegna endurmats samnings við Hjalla og viðauki við samning - 1806405

Frestað á síðasta fundi.

Málið rætt og bærstjóra falið að vinna áfram í málinu.

9. Fjárhagsáætlun 2018: viðauki við málaflokk 02 - 1808009

Beiðni um viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2018 lögð fram.

Bæjarráð leggur til við bærstjórn að samþykktur verði viðauki við fjárhagsáætlun ársins 2018 um aukin útgjöld að fjárhæð 11,5 milljónir og hækkun framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga um sömu fjárhæð.

10. Fjárhagsáætlun 2018: viðauki við málaflokk 04 - 1808027

Beiðni um viðauka við fjárhagsáætlun ársins vegna skólavistar nemenda utan lögheimilissveitarfélags.

Bæjarráð leggur til við bærstjórn að samþykktur verði viðauki við fjárhagsáætlun ársins 2018 um aukin útgjöld að fjárhæð 3,1 milljón sem komi til lækkunar á handbæru fé.

Tillögu sem varðar árið 2019 er vísað til fjárhagsáætlunargerðar.

11. Hjólakraftur- tillaga að viðauka. - 1807026

Máli frestað á 2. fundi bæjarráðs. Tekið fyrir að nýju með nýju minnisblaði.

Bæjarráð leggur til við bærstjórn að samþykktur verði viðauki við fjárhagsáætlun ársins 2018 um aukin útgjöld í málaflokk 06 að fjárhæð 1 milljón kr. sem komi til lækkunar á handbæru fé.

Bæjarráð óskar eftir nánari upplýsingum um verkefnið, svo sem fjölda þátttakenda, greiningu á kostnaði og árangri.

4. fundur bæjarráðs
21.08.2018

Fundi slitið kl. 14:45.

Ólafur Þór Ólafsson

Hólmfríður Skarphéðinsdóttir

Magnús Sigfús Magnússon

Daði Bergþórsson

Róbert Ragnarsson

Magnús Stefánsson
